

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi málræktarsviðs á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 2. hæð, þriðjudaginn 11. febrúar 2014 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Haraldur Bernharðsson varaformaður, Eiríkur Rögnvaldsson, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. Guðrún Kvaran tilkynnti forföll. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Afmælisár Íslenskrar málnefndar – undirbúningur

Sjá fg. stj. ÍM 1/2014, 2. lið og fg. ÍM 1/2014, 1. lið. Á mánaðarlegum fundi stjórnar ÍM með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis kom fram að ráðuneytið hefði áhuga á að taka þátt í afmælimálþingi ÍM í nóvember. Hugsanlega mætti fella saman hátíðardagskrá á degi íslenskrar tungu og fyrirhugaða afmælisdagskrá 15. nóvember og halda hvort tveggja sama dag. Stjórnarmenn tóku vel í þessa hugmynd.

Áfram var síðan rætt um hugsanlegt fundarefni og fyrirlesara. Stjórnarmenn komu sér saman um níu erindi: mál og mannréttindi (almennt yfirlit, helst með samanburði við önnur lönd), mannanafnalögin (hver er lagagrundvöllur þeirra, með og á móti), mál hinsegin fólks (fjalla um orðalag um hinsegin fólk og af hverju hefur það breyst), mál beggja kynja (með og á móti), táknmál (almennt um söguna, vatnaskil með lögunum 2011), fatlað fólk og máltækni og íslenska sem annað mál (íslenska með hreim, réttur innflytjenda til að læra íslensku).

Nokkrar hugmyndir komu upp um heppilegan fyrirlesara og verður fljótlega rætt við þá

Steinunn Mar sendi tölvuskeyti til ritara og sagist vilja taka þátt í undirbúningshóp fyrir afmælisþingið.

2. Fjármál Íslenskrar málnefndar

Ritari greindi frá stöðu fjármála ÍM. Formaður og ritari hafa verið í samskiptum við Skrifstofu um norrænt tungumálasamstarf (Nordisk Sprogkoordination, NOSK) vegna hás kostnaðar við ferðir fyrirlesara og fastra fulltrúa á málnefndaþingið á Akureyri í ágúst 2013. Ritari greindi frá því að Nordisk Sprogkoordination hefði vegna þessa ákveðið að greiða 59.366 DKK til ÍM til viðbótar við áður ákveðna styrki. Tap ÍM af málnefndaþinginu verður því um 400 þ.kr. Eftir að uppgjóri við vegna málnefndaþingsins lyki myndi Málnefndin eiga um 1.7 m.kr. í sjóði.

3. Málstefnan fimm ára

12. mars í ár verða fimm ár liðin frá því að málstefnan var samþykkt á Alþingi (http://islenskan.is/islenska_til_allis_2009-11-06.pdf). Rætt var um hvort endurskoða þyrfti hana. Ekki var talin þörf á því. Varaformaður sagði að óljóst væri í lögunum hversu oft endurskoða ætti málstefnuna. Eiríkur lagði til að gerður yrði gátlisti yfir atriði í málstefnunni sem átti að efna og kannað hvað af því hefur verið gert.

Mál til bókunar

Formaður sendi skeyti rafrænt 29. janúar 2014 til nefndasviðs Alþingis þar sem hvatt er til þess að þingsályktunartillagan (*Aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni*, 268. mál, <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=143&mnr=268>) verði samþykkt.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16.00.

Haraldur Bernharðsson
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.